

**2. Bifreiðastöður.**

Bifreiðastöður eru heimilar aðeins húsamegin á Ásbúðartröð og Hvaleyrarbraut, sbr. lið 1 a hér að framan.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 10. des. 1980.  
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Hafnarfirði 8. desember 1980.*

**Einar Ingimundarson.**

**AUGLÝSING****um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.**

Að fenginni tillögu hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vogakauptúni:

Hafnargata verður aðalbraut gagnvart Gamla Þjóðvegi, Heiðargerði, Kirkjugerði og Egilsgötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda). Ennfremur verður hún aðalbraut gagnvart Vogagerði og nýtur þar réttar samkv. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda).

Gamli Þjóðvegur verður aðalbraut gagnvart Tjarnargötu, Ægisgötu, Suðurgötu og Brekkugötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Vogagerði verður aðalbraut gagnvart Tjarnargötu og Ægisgötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Tjarnargata verður aðalbraut gagnvart Heiðargerði, Kirkjugerði og Aragerði og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ægisgata verður aðalbraut gagnvart Heiðargerði, Kirkjugerði, Hofgerði og Aragerði og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar taka þegar gildi.

*Lögreglustjórnin í Gullbringusýslu, 28. nóvember 1980.*

**Jón Eysteinnsson.**

**AUGLÝSING****um umferð í Sandgerði, Miðneshreppi.**

Að fenginni samþykkt hreppsnefndar Miðneshrepps og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirtaldar reglur um umferð í Sandgerði:

Biðskylda verður á Austurgötu, Klapparstig, Uppsalavegi, Bjarmalandi og Holtsgötu við Hlíðargötu.

Biðskylda verður á Austurgötu við Suðurgötu.

Biðskylda verður á Hlíðargötu, Holtsgötu og Hjallagötu við Ásabraut.

Biðskylda verður á Vallargötu við Vesturgötu og við Túngötu.

Stöðvunarskylda verður á Suðurgötu við Strandgötu/Keflavíkurveg.

Stöðvunarskylda verður á Vesturgötu við Suðurgötu og við Strandgötu.

Bifreiðastöður eru bannaðar á Túngötu að austanverðu, milli Suðurgötu og Austurgötu.